

- 117 Staðfesting konungs á skipulagsskrá um „Framkvæmdasjóð
30. des. Vestur-Húnavatnssýslu“, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af
dóms- og kirkjumálaráðherra, 13. desember 1930.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Framkvæmdasjóð Vestur-Húnavatnssýslu.

1. gr.

Sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu ákveður að stofna sjóð, með eitt hundrað krónu árlegu framlagi úr sýslusjóði, til framkvæmda í sýslunni síðar meir, eftir því sem ákveðið verður úr skipulagsskrá þessari og reglugerð þeirri, sem síðar verður sett fyrir sjóðinn.

2. gr.

Sjóðurinn skal heita: „Framkvæmdasjóður Vestur-Húnavatnssýslu“.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Eitt hundrað krónur úr sýslusjóði árlega, frá og með árinu 1926, er greiðist sjóðnum fyrir 1. júlí ár hvert, og svo lengi sem sýslan verður sérstakt umdæmi, sem hefir innanhéraðsstjórn út af fyrir sig í svipuðu formi og nú er.
2. Það sem kannað sparast við það, ef sýslunefndarmenn skrifa endurgjalds-laust á fundum nefndarinnar, eða ef oddviti reiknar sér ekki sérstakan ferðakostnað að og frá sýslufundinum.
3. Ágóði af skemmtunum, sem haldnar kunna að verða til ágóða fyrir sjóðinn.
4. Gjafir og áheit, er sjóðnum kunna að hlotnast.

4. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í sparisjóði sýslunnar á Hvammstanga. Hefir stjórn sparisjóðsins á hendi reikningsfærslu hans, og skulu reikningar sjóðsins endurskoðaðir af endurskoðendum sparisjóðsins, árlega lagðir fyrir sýslunefnd til samþykktar, og síðan prentaðir ásamt sýslufundargerðinni.

5. gr.

Fé því, sem kemur til úthlutunar úr sjóðnum samkvæmt 6. gr., skal verja til framkvæmda í jarðrækt, húsabótum, menntamálum og vegagerðum í

héraðinu, svo og til annarra framkvæmda, sem héraðinu álitast heillavænlegar, og skal því, að svo miklu leyti sem því ekki er varið til sameiginlegra þarfa héraðsins, skipt á milli hreppa sýslunnar, eftir sömu blutföllum sem gjöld sveitanna eru til sýslusjóðs árlega. **117** 30. des.

Nú er fénu úthlutað til hreppa eða einstaklinga, og skal þá viðkomandi sýslunefndarmaður hafa eftirlit með því að fénu sé varið samkvæmt ákvæðum skipulagsskrár þeirrar, er sett verður á sínum tíma fyrir sjóðnum.

6. gr.

Þegar sjóðurinn hefir náð 100 þúsund krónum, má verja $\frac{1}{10}$ vaxtanna samkvæmt fyrirmælum 5. greinar.

Þegar hann hefir náð	200 þús.	má verja	$\frac{2}{10}$
— — — —	300	— — —	$\frac{3}{10}$
— — — —	400	— — —	$\frac{4}{10}$
— — — —	500	— — —	$\frac{5}{10}$
— — — —	600	— — —	$\frac{6}{10}$
— — — —	700	— — —	$\frac{7}{10}$
— — — —	800	— — —	$\frac{8}{10}$
— — — —	900	— — —	$\frac{9}{10}$

og þegar sjóðurinn hefir náð 1 miljón króna, má verja árlega öllum vöxtun-um nema 1000 krónum, sem árlega skulu leggjast við höfuðstólinn, auk þess sem ákveðið er í 3. grein.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

7. gr.

Áður en úthlutun á sér stað í fyrsta sinn, skal sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu setja reglugerð um úthlutun fjárins. Skal sú reglugerð staðfest af Stjórnarráði Íslands og birt í Stjórnartíðindunum. Auk þess skal hún prentuð í sambandi við sýslufundargerð sýslunnar. Reglugerðinni má breyta eftir sömu reglum og hún er til orðin, ef breyttir tímar og kringumstæður krefjast þess, en skipulagsskrárákvæðunum má aldrei breyta.

8. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.